

Nd.

297. Frumvarp til laga

[158. mál]

um breyting á sjúkrahúsálögum, nr. 54 10. júlí 1964.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Lúðvík Jósefsson, Eysteinn Jónsson.

1. gr.

Í stað orðanna „eða læknisbústað“ í 6. gr. laganna komi: læknisbústað eða elliheimili.

2. gr.

Í stað orðanna „eða læknisbústað“ í 7. gr. laganna komi: læknisbústað eða elliheimili.

3. gr.

Á eftir orðinu „læknisbústaðar“ í 1. málsg. 8. gr. laganna komi: elliheimilis.

4. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ríkissjóður greiðir allt að $\frac{1}{3}$ kostnaðar af að reisa elliheimili, sem reist verða samkvæmt ákvæðum laga þessara, enda fallist ráðherra á þörf þeirra framkvæmda og meti þær við hæfi, og fer um ákvörðun byggingarstyrksins eftir fyrirmælum næstu málsgreinar hér að framan.

5. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Til elliheimila greiðist einnig árlega styrkur úr ríkissjóði. Styrkuppþæð ákvarðast nánar í reglugerð innan marka fjárveitinga í fjárlögum.

6. gr.

13. gr. laganna breytist þannig:

- a. Á eftir orðinu „læknisbústaðir“ í 1. málsg. komi: elliheimili.
- b. Í stað orðanna „eða læknisbústaðar“ í fyrri málslið 2. málsg. komi: læknisbústaðar eða elliheimilis.
- c. Í stað orðanna „eða læknisbústöðum“ í síðari málslið 2. málsg. komi: læknisbústöðum eða elliheimilum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með breyttum þjóðfélagsháttum hefur þörfin fyrir dvalarheimili aldraðra farið ört vaxandi, einkum í þéttbýli, og eru þar víða rekin dvalar- og hjúkrunarheimili fyrir aldrað fólk, flest á vegum bæjarfélaganna.

Langumfangsmesta stofnun af þessu tagi er Elli- og hjúkrunarheimilið Grund í Reykjavík, en deild frá því starfar í Hveragerði, og svo Hrafnista, Dvalarheimili aldraðra sjómanna. Er hin fyrrgreinda einkafyrirtæki, en hin síðarnefnda reist og rekin af sjómannasamtökunum.

Önnur dvalarheimili aldraðra eru miklu minni í sniðum og sum rekin við mjög óhæga aðstöðu sökum lítils og óhentugs húsnæðis.

En þörfin fyrir þessar stofnanir er ekki lengur bundin við kaupstaði eina. Má m. a. ráða það af vistmannaskráum dvalarheimilanna hér í Reykjavík, og fleira fólk utan af landi sækir raunar um upptöku þar en hægt er að sinna.

Nú er það að margra dómi óæskileg þróun, að tengsl milli kynslóða rofni á þann hátt, er verður við brottför aldraðra af heimilunum. Hún verður þó varla stöðvuð með löggjöf eða á annan hátt. En eðlilegt er, að samfélagið stuðli að því, að aldrað fólk, sem á því þarf að halda, geti fengið athvarf og nauðsynlega aðhlynningu sem næst áttögum sínum og ættmennum. Það mun og sammæli allra þeirra, er þessi mál hugleiða, að dvalar- og hjúkrunarheimili aldraðra beri að reisa í hæfilega stórum einingum, vistarverur séu af misjöfnum stærðum, þannig að t. d. hjón geti að nokkru haldið sitt heimili, þegar það hentar, o. s. frv. og að þeir, er þess óska, fái aðstöðu til starfa við hæfi.

Byggingamál aldraðra eru víða skammt á veg komin og sums staðar óleyst með öllu.

Ríkissjóður leggur þegar drýgstan hlut til byggingar sjúkrahúsa, læknisbústaða og almennrar heilbrigðisþjónustu. Skyldur samfélagsins við aldraða eru ekki síður ótvíræðar.

Sjúkrahús og dvalarheimili aldraðra eru að vísu um margt ólíkar stofnanir. En í háðum tilfellum er um að ræða aðstoð og aðhlynningu fyrir þá, sem standa höllum fæti og eru hjálparþurfi. Virðist því eðlilegt, að ríkið styrki hvort tveggja.

Dvalarheimili aldraðra hafa til þessa verið reist og rekin af einstökum sveitarfélögum, þar sem ekki hafa komið til einkaaðilar, eins og t. d. hér í höfuðstaðnum.

Það er skoðun flutningsmanna þessa frumvarps, að heppilegt sé, að hlutdeild sveitarfélaga að framkvæmd ýmissa málaflokka heima í héraði fari fremur vaxandi en minnkandi og að vel fari á því, að þau hafi forustu um stofnun og rekstur dvalarheimilanna.

En á meðan fjárráð sveitarfélaga eru ekki rýmri en þau eru nú, er nauðsynlegt að veita þeim beinan fjárstuðning úr ríkissjóði til margháttara framkvæmda, eins

og raunar þegar er gert í fjölmörgum greinum. Því er hér lagt til, að þátttaka ríkisins í byggingu og rekstri dvalarheimila fyrir aldrað fólk verði ákveðin með lögum.

Ríkissjóður greiðir til byggingar sjúkrahúsa $\frac{3}{5}$ stofnkostnaðar. Hér er lagt til, að framlag ríkisins til dvalarheimila aldraðra verði lægra, og er þá m. a. haft í huga, að Tryggingastofnun ríkisins er ætlað að styðja þau sérstaklega.

Sérstök nefnd hefur unnið að athugun á heildarskipulagi þessara mála. En þar sem líklegt má telja, að sú athugun taki alllangan tíma, en víða er brýn þörf aðgerða þegar í stað, þá leggja flutningsmenn til, að ríkissjóður láti í té þann stuðning, er greinir í frv. þessu, unz nýrri heildarskipan hefur verið komið á.